

Jökulhlaup o. fl.

Í síðustu »Lögrjettu« nefnir skáldið Gunnar Gunnarsson gulmóráutt jökulvatn. Þetta er sök sjer um æfintýraskáld; en aldrei hef jeg slíkt sjeð, fremur en þetta mjólkurhvíta jökulvatn sem þeir skrifa um Þorvaldur Thoroddsen, Daniel Bruun og aðrir.

Í síðustu »Lögrjettu« eru einnig fróðlegar upplýsingar hafðar eftir Forberg símastjóra og G. Zoega verkfræðing, um Skeiðarársand og jökulinn eftir hlaup, en sjera Magnús á Prestsbakka hefur sagt áður frá hlaupinu á tiltakanlega góðri íslenzku.

Sumarið 1906 fór jeg um Skaftafellssýslurnar og tók í þeirri ferð eftir ýmsu sem aðrir ferðamenn höfðu ekki sjeð eða að minsta kosti

ekki getið um. Er sagt frá sumum þessum athugunum í tímariti landfræðisfjelagsins í Berlín 1907, bls. 597—621; hef jeg þar m. a. reynt að leiðrjetta skakkar hugmyndir sem jarðfræðingar virðast hafa gert sjer um jökulhlaup og þýðingu þeirra fyrir jarðmyndun. Í ritgerð þessari sem jeg nefndi, hef jeg ekki getið um að sum jökulhlaup kunni að standa í sambandi við hverri undir ísnum og virðist þó ástæða til að ætla það. Jöklaflýlan, sem er brennisteinsvatusefnislykt, getur varla staðið af öðru en brennisteinshverum undir ísnum. Virðist líklegt, að hverirnir bræði svo jökulinn, að hann sígi eða falli niður með köflum og afrenslið stíllist, unz vatnsprýstingin er orðin svo mikil, að ekki stentz við, og áin ryður öllu frá sjer. Nefna menn það hlaup.

5. 6.

Helgi Pjeturss.

Ulla